

Val í 8. – 10. bekk

Tímabil 4

Nemendur í 8.-10.bekk skulu samkvæmt grunnskólalögum nr. 91/2008 eiga kost á vali um námsgreinar, allt að 1/5 af námstíma á hverjum vetri. Frjálst val er 4 kennslustundir á viku. Valið er um tvö mismunandi námskeið; annað kennt á **þriðjudögum** og hitt á **fimmtudögum**. Valinu er skipt upp í 4 tímabil og er hvert tímabil 7 eða 8 vikur.

Heimilt er skv. grunnskólalögum að meta skipulagt nám, sem er stundað utan skólans t.d. við tónlistarskóla, sem hluta af frjálsum vali. Auk þess er heimilt að meta þátttöku í félagslífi, íþróttum eða skipulögðu sjálfboðaliðastarfi. Nemendur hafa þá frjálsar hendur með hvenær þeir skila þeim tímum sem falla undir utanskólavalið og er það ekki bundið við tímana kl. 13.50 – 15.10 á valdögum en skóla lýkur þá fyrir þessa nemendur kl. 13.40 á því tímabili sem utanskólavalið er valið. Mikilvægt er að foreldrar & forsjáraðilar staðfesti með undirskrift á valblaðinu að þeir samþykki að barn þeirra velji utanskólaval og staðfesti sömuleiðis þann tímafjölda sem barnið skilar í frístundum.

Í haust voru samþykktar breytingar á aðalnámskrá og þá felld út ákvæði um að meta mætti launaða vinnu sem utanskólaval. Á 3. og 4. tímabili verður því þátttaka í atvinnulífi ekki lengur metin sem utanskólaval.

Námsmat í vali er hæfnimiðað eins og annað námsmat í skólanum. Í sumum valnámskeiðum er gefið lokið/ólokið. Námsmatið er skráð á vitnisburðarblöð, sem nemendur fá í vor.

Valið er föstudaginn 14. mars.

Nemendur í 9.- 10.bekk ganga fyrir í verkgreinar þar sem takmarkaður fjöldi kemst að.

25. mars – 3. júní

Priðjudagsval	13.50 – 15.10
Körfubolti	
Legu meira og meira	
Leirmótun	
Bakstur	
Leiklist og spuni	
Innanhúshönnun	
Klár og klára (textíll)	
LAN (Nýjung)	
Frístund	
Utanskólaval (sjá skýringar)	

20. mars – 22. maí

Fimmtudagsval	13.50 – 15.10
Vefnaður	
Teikning og málun	
Bakstur	
Golf og píla	
Skólahreysti (keppnisliðið)	
Sálfræðin á bak við árangur í íþróttum	
Skák	
Frístund	
Nemendaráð (sama og fyrir jól)	
Utanskólaval (sjá skýringar)	

Dagsetningar

Priðjudagar	Fimmtudagar
25.3	20.3
1.4	27.3
8.4	4.4
22.4	10.4
29.4	29.4
13.5	8.5
20.5	22.5
27.5	
3.6	

Tímabil 4

Þriðjudagsval

28. janúar – 18. mars

kl. 13.50 – 15.10

Körfubolti

Markmið

Nemendur kynna sér ýmsa þætti körfuknattleiks, ræða tækni og æfa á velli. Spjallað er um allt frá þróun og uppgangi leiksins á alþjóðlegu sviði yfir í þjálfunaraðferðir og taktík.



Námsmat


Metin færni nemenda til að taka þátt í samspili og að tileinka sér það sem kennari leggur upp með á æfingum.

Kennari: Adam Eiður Ásgeirsson
Staður: Stofa 24 / körfuboltavöllur

LEGO

Lýsing

Ýmsar tilraunir með LEGO; forritun á vélmennum, uppsetning á brautum o.fl.
Nýtt LEGO-sett frá fyrri LEGO-keppnum.



– Námskeiðið er bæði opið fyrir þá sem voru í Lego á síðasta tímabili en einnig fyrir nýja þáttakendur sem hafa áhuga á LEGO.

Námsmat

Virkni í tímum og áhugi

Kennari: Jón Magnússon
Staður: Stofa 21

Leirmótun



Markmið

Nemendur fáist við einföld fjölbreytt verkefni þar sem þau hugsa á skapandi hátt. Búi t.d. til eitthvað frá náttúrunni, skúlptúra úr fantasíum, raunveruleikanum eða móti úr leir uppáhalds hlutina sína. Lengd námskeiðs miðast við að nemandi ljúki við tvo meðalstóra leirmuni eða fleiri minni.

Vinnan þín

- Hvað vilt þú búa til? Leirstyttur, leirskálar, leirkrúsir, bakkar o.s.frv.
- Þú hefur tíma til að kanna mismunandi tækni og stíl annara fyrir innblástur.
- Ekki skilyrði en gott er að þú skissir upp hluti í þrívídd með réttum hlutföllum og skráir leirtegund og glerjunga.
- Varðveitir allar hugmyndir ef tími er fyrir aukahlut.
- Síðan mótar þú eftir teikningunni í nokkuð réttum hlutföllum, glerjar og brennir.
- Þú rifjar upp hvernig hugsa þarf um blautan leirmun í mótun frá byrjun til enda.
- Klárar þinn persónulega hlut/hluti og tekur með þér heim.

Námsmat

Leiðsagnarmat sem samanstendur af jafningjamati og sjálfsmati.

Kennari: Hrefna Egilsdóttir

Staður: Myndmenntastofa



Bakstur



Í þessu vali kynnst nemendur mismunandi bakstursaðferðum eins og gerbakstri og þá bæði brauð- og sætmeti, hrærðum, þeyttum og hnoðuðum kökum og tertum, steiktu brauði, skyr- og ostakökum.

Förum yfir hvernig hægt er að gera bakstur hollari með því að auka heilkorn og minnka sykur.

Námsefnið verður fjölbreytt og fræðilegir þættir fléttaðir inn í verklega vinnu.

Áhersla er lögð á að nemendur þekki helstu hreinlætiskröfur og geti sýnt hreinlæti í verki.

Markmið

- Að nemendur tileinki sér góð og snyrtileg vinnubrögð.
- Þjálfari bæði sjálfstæð vinnubrögð sem og að geta unnið með öðrum.
- Kynnist mismunandi bakstursaðferðum.

Námsmat: Hæfniviðmið í lotu og virkni í tímum.

Kennarar: Guðrún Helga Elvarsdóttir og **Hildur Jóna Gunnlaugsdóttir**

Staður: Heimilisfræðistofa



Leiklist og spuni

Í þessum valáfanga verður áhersla lögð á raddþjálfun, líkamsbeitingu, samvinnu og spuna í gegnum leiki og leiklistaræfingar. Leikgleði og frumsköpun verða leiðarljós í gegnum áfangann.

Nemendur fá kynningu á ólíkum leiklistarformum, taka þátt í karaktersköpun og vinna senur á sviði.

Markmið er að nemendur geti:

- Unnið saman í hóp að leiklistarverkefni.
- Skapað skýra leikpersónu og viðhaldið henni í stuttum leikþætti með viðeigandi radd- og líkamsbeitingu.
- Nýtt sér hugmyndir jafningja og lagt fram sínar eigin í leikrænu ferli og við undir- búning og sköpun leikþátta.



Námsmat

Hæfniviðmið í lotum. Símat.

Kennari: Andrea Katrín Guðmundsdóttir

Staður: Stofa 12 / svið

Innanhúshönnun og áhrif umhverfis á okkur

Í þessum valáfanga ætlum við að læra um innanhússhönnun, lærum um efnis-, lita- og húsgagnaaval, hvað ber að varst og hvaða „reglum“ við eigum að fara eftir. Við finnum út hvað við stöndum fyrir og hvaða stíl við löðumst að. Við lærum hvaða áhrif umhverfið hefur á okkur líkamlega og andlega og hvernig við getum stuðst við jákvæða upplifun. Ef nemandi hefur áhuga á að starfa við þetta í framtíðinni eru margar mismunandi leiðir og greinar til að læra þetta og verður farið aðeins í það. Það verður innlögn og sýnikennsla en nemendur vinna svo sjálfstætt.

Markmið er að nemendur...

- Vandí val sitt og verði sjálfstæð í efnis- og húsgagnaali
- Læri hvað þau standi fyrir og í framhaldi af því hvaða stíl þau tengja við.
- Læri að gera moodboard, bæði í tölvu og með mismunandi efnum
- Læri að finna myndir sem veita þeim innblástur og hvernig við getum nýtt þær án þess að herma eftir.
- Læri muninn á trendi/tísku og stíl
- Læri um liti og að þeir hafi allir mismundi tilgang og áhrif á okkur.
- Fáí sjálfstraust í að velja sjálf inn til sín þannig þeim líði sem best.

Námsmat: Virkni í tímum, vandvirkni og áhugi.

Námöggn: Tölva/Ipad

Kennari: Íris Sverrisdóttir

Staður: Stofa 20



Klár og klára



Ertu með eitthvað verkefni sem þú hefur ekki náð að klára í textíl? Nú er tækifærið til að koma og klára.

Ertu með eitthvað verkefni í textíl sem þig hefur alltaf dreymt um að gera? Nú er tækifærið til að koma með hugmynd að þínu frúbæra textílverkefni og vinna það í vali með leiðsögn frá kennara. Hvort sem það er að sauma eitthvað, prjóna eða hekla þá er tíminn núna.

Lagt er upp með að nemendur nýti þá þekkingu sem þeir hafa til að vinna áfram verkefni að eigin vali í textílmennt.

Kennari: Esther Kjartansdóttir

Staður: Textílmenntastofa



Frístund

Markmið: Að læra að annast unga krakka og aðstoða þau í leik. Góður undirbúningur fyrir þá sem hafa hugsað sér að sækja um vinnu í Sumarfrístund.

Þátttakendur taka þátt í starfi í Frístund (eftir skóla fyrir börn í 1. – 4. bekk).

Verkefnið felst í að vera með börnunum í

Frístund, leika við þau úti og inni, undirbúa kaffitíma og vera með þeim þar.

Umsjón: Jóhanna Jörgensdóttir

Staður: Frístund í Friðheimum /á leikvelli



LAN - klúbbur

Mæting í LAN klúbb í Nýung **einn laugardag.**

Einn laugardag í nóvember eða desember mun hópurinn koma saman í Nýung og LAN-a. Klúbburinn byrjar um hádegið og stendur fram eftir degi.

Meðlimir lan klúbbsins þurfa að koma með eigin Playstation tölvur, tölvuskjá/sjónvarp og fjöltengi. Félagsmiðstöðin Nýung ber ekki ábyrgð á tækjabúnaði. Leikir bannaðir innan 16 ára verða ekki leyfðir í þessum klúbbi.



Mikilvægt er að mæta undirbúinn með því að ganga úr skugga um að tölvurnar séu tilbúnar þegar mætt er til leiks hvað varðar leiki, update og annað sem fylgir.

Nemendur sem ekki voru í LAN á val tímabili 3 eða hafa aldrei verið í LAN hafa forgang í valið á tímabili 3. Aðeins er hægt að skrá 10 þátttakendur í hvert skipti. Hægt er að velja LAN að hámarki í 2 skipti.

Umsjónarmaður: Ármann Davíðsson
Staður: Nýung

Utanskólaval

Nemendur geta skráð sig í utanskólaval ef ...

- Þeir stunda nám í tónlistarskóla (m. tónfræði)
- Þeir stunda nám í áföngum í ME.
- Æfa skipulagðar íþróttir.
- Taka þátt í skipulögðu sjálfboðaliðastarfi (Rauði kross, björgunarsveitir, Bíbí, ...)

Samstarf við Nýung: LAN-hópur: Mæting í Nýung (einn laugardag) og haldið utanum skráningu þar (hámark 2 skipti)

Utanskólavalið er hægt að velja á þriðjudögum og fimmtudögum en þó ekki báða daga á sama tímabili.

Foreldrar og forsjáraðilar þurfa að staðfesta utanskólaval barna sinna.

Hvað	Ef ég æfi, er í tómstundastarfi eða annað íget ég fengið utanskólaval annað hvort á þriðjudegi eða fimmtudegi ...
Íþróttaæfingar, tónlistarnám, sjálfboðaliðastarf, nám í framhaldsskóla.	4 - 5 klst á viku	1 tímabil
	6 - 12 klst á viku	2 tímabil
	13 klst eða meira á viku	3 tímabil

Tímabil 4

Fimmtudagsval

20. mars – 22. maí

kl. 13.50 – 15.10

Vefnaður

Farið verður yfir grunn í vefnaði, mismunandi aðferðir í vefnaði og tegundi af vefnaði. Skoðað hvernig hægt er að nota mismunandi efnivið í vefnað til að ná fram þeim áhrifum úr verkinu sem óskað er.

Aðalverkefnið er að myndvefnaður, þar sem nemendur vefa veggmynd eftir eigin hönnun. Eins fá nemendur að prófa spjaldvefnað, að vefa með 'Heddle' vefgrind og að vefa í vefstól.

Kennari: Esther Kjartansdóttir
Staður: Textílmenntastofa



Teikning og málun

Þetta val hjálpar nemendum sem eru að byrja að teikna og þeim sem eru lengra komnir að þróa sig áfram í teikningu og málun og eiga stund til að skapa.

Markmið

Finna sköpunargáfu sinni leið í gegnum teikningu og málun einn eða í félagi við aðra.

Lýsing

Hvaðan fá listamenn hugmyndir að listaverkum sínum. Kynntar verða mismunandi aðferðir til að vinna að sjálfstæðu verkefni í teikningu og málun. Nemendur taka þátt í samtali um listmiðla sem

ungu fólk nýttir í myndsköpun. Unnið er eftir því sem vekur mestan áhuga nemandans og skoðað hvers vegna. Í boði er að koma með eigið myndlistardót og fá leiðbeiningar með það.

Kennslufyrirkomulag

Tími nýttur í umfjöllun um hvernig hægt er að verða leikinn í að finna kveikju að verki. Umhverfið, upplifanir og listaverk eru oft kveikjur að verkum. Skoðum og ræðum saman. **Pinterest** og **Youtube** eru t.d. góð dæmi um staði sem hýsa vinsæl myndbönd og myndefni með listrænum kveikjum. Vinnan hefst með hugstormun. Æfingar í hugmyndavinnu eru síðan unnar af hverjum og einum. Megin áherslan er síðan á að nemendur velji og vinni eftir hugmyndunum. Notuð eru margs konar áhöld og efni. Blýantar, kol, litir, krítar, þekjulitir og vatnslitri ofl. Ef vorið verður hlýtt þá opnast möguleiki á að teikna utandyra. Lokatíminn nýttur í lokavinnu við verkin og sjálfsmat unnið.



Námsmat:

Leiðsagnarmat sem samanstendur af jafningjamati og sjálfsmati.

Kennari: Hrefna Egilsdóttir

Staður: Myndmenntastofa

Bakstur



Í þessu vali kynnast nemendur mismunandi bakstursaðferðum eins og gerbakstri og þá bæði brauð- og sætmeti, hrærðum, þeyttum og hnoðuðum kökum og tertum, steiktu brauði, skyr- og ostakökum.

Förum yfir hvernig hægt er að gera bakstur hollari með því að auka heilkorn og minnka sykurlaugar.

Námsefnið verður fjölbreytt og fræðilegir þættir fléttaðir inn í

verklegra vinnu.

Áhersla er lögð á að nemendur þekki helstu hreinlætiskröfur og geti sýnt hreinlæti í verki.

Markmið

- Að nemendur tileinki sér góð og snyrtileg vinnubrögð.
- Þjálfari bæði sjálfstæð vinnubrögð sem og að geta unnið með öðrum.
- Kynnist mismunandi bakstursaðferðum.

Námsmat: Hæfniviðmið í lotu og virkni í tímum.

Kennarar: **Guðrún Helga Elvarsdóttir** og Hildur Jóna Gunnlaugsdóttir
Staður: Heimilisfræðistofa



Golf og píla

Þátttakendur taka æfingar í golfhermi í Samfélagssmiðjunni við Miðvang. Auk þess verða æfingar í pílu.

Námsmat: Metin er þátttaka og virkni í tímunum.

Umsjón: Friðrik Bjartur Magnússon

Staður: Samfélagssmiðjan við Miðvang

Skólahreysti

Skólahreysti er liðakeppni sem er haldin árlega þar sem nemendur í 9. og 10. bekk keppa í hreystigreinum. Egilsstaðaskóli hefur sent lið í keppnina undanfarin ár.


Í þessu vali **verður hópurinn sem mun taka þátt í Skólahreysti á Akureyri 30. apríl.**

Aðrir geta ekki skráð sig í námskeiðið.

Námsmat: Virkni í tímum

Kennari: Valgeir Sveinn Eyþórsson

Staður: Íþróttahús



Sálfræðin á bak við árangur í íþróttum

Lýsing:

Við skoðum sálfræðilega þætti sem hafa áhrif á frammistöðu í íþróttum, svo sem hugarferli og hvatningu.

Nemendur munu öðlast þekkingu á hvernig sálfræði getur nýst til að bæta frammistöðu og vellíðan í íþróttum.

Kennari: Adam Eiður Ásgeirsson

Staður: Stofa 25



Skák

Lýsing

Að sjálfsgöðu verður hér teflt og teflt. Stefnt er að því að fá skákfróða gesti í heimsókn til að leiðbeina nemendum svo þeir verði ennþá betri í skák.



Markmið

- Að nemendur njóti þess að tefla.
- Að efla færni og þekkingu nemenda í að tefla.
- Að nemendur læri að keppa í skák og læri þær reglur sem gilda í slíkum keppnum

Mat

Þátttaka nemenda og virkni nemenda er metin auk hæfniviðmiða sem við eiga.

Kennari: Sigfús Guttormsson

Staður: Stofur 26

Nemendaráð

Nemendaráð, sem tók til starfa fyrir áramót, heldur áfram starfi sínu.

Valið gildir út allt skólaárið og snýr að skipulagningu á félagsstarfi nemenda á unglingastigi. Hluti af valinu fer fram í kringum stærra viðburði eins og jólaskemmtanir, árshátíðir, þorrablót ásamt öðrum mögulegum viðburðum sem nemendaráð vill koma á laggirnar. Fundartími nemendaráðs er í val tímum.



Annað sem nemendaráð kemur til með að skipuleggja og framkvæma:

- ✓ Koma með tillögur að og aðstoða við að gera nemendaráðmin notaleg.
- ✓ Skipuleggja leiki og uppákomur einu sinni í viku í matsal eða úti – í fyrri frímínútum. Það gæti verið spurningarkeppni, bingó, Olsen Olsen keppni, hver er lengst í planka, boðhlaup, Asni....
- ✓ Fastir viðburðir (jólaskemmtun / þorrablót): Þar þarf að skreyta, leggja á borð, skipuleggja skemmtiatriði, þ.e. allt sem viðkemur viðburðum.

Umsjón: Bylgja Borgþórsdóttir

Staður: Auglýst á töflu á elsta-stigs gangi

Frístund

Markmið: Að læra að annast unga krakka og aðstoða þau í leik. Góður undirbúningur fyrir þá sem hafa hugsað sér að sækja um vinnu í Sumarfrístund.



Þátttakendur taka þátt í starfi í Frístund (eftir skóla fyrir börn í 1. – 4. bekk).

Verkefnið felst í að vera með börnunum í Frístund, leika við þau úti og inni, undirbúa kaffitíma og vera með þeim þar.

Takmarkaður fjöldi þátttakenda er fjórir.

Umsjón: Jóhanna Jörgensdóttir

Staður: Frístund í Friðheimum /á leikvelli

Utanskólalav

Nemendur geta skráð sig í utanskólalav ef ...

- Þeir stunda nám í tónlistarskóla (m. tónfræði)
- Þeir stunda nám í áföngum í ME.
- Æfa skipulagðar íþróttir.
- Taka þátt í skipulögðu sjálfboðaliðastarfi (Rauði kross, björgunarsveitir, Bibí, ...)

Samstarf við Nýung: LAN-hópur: Mæting í Nýung (einn laugardag) og haldið utanum skráningu þar (hámark 2 skipti)

Utanskólalavið er hægt að velja á þriðjudögum og fimmtudögum en þó ekki báða daga á sama tímabili.

Foreldrar og forsjáraðilar þurfa að staðfesta utanskólalav barna sinna.

Hvað	Ef ég æfi, tek þátt í tómstundum eða annað íget ég fengið utanskólalav annaðhvort á þriðjudegi eða fimmtudegi ...
Íþróttæfingar, tónlistarnám, sjálfboðaliðastarf, nám í framhaldsskóla.	4 - 5 klst á viku	1 tímabil
	6 - 12 klst á viku	2 tímabil
	13 klst eða meira á viku	3 tímabil